

þinn! Það er mítulegt handa þér! Þeir ættu að hafa brotið þig allan, handleggina og hausinn!"

Hann svaraði engu. Hann vissi hvaðan á sig stóð veðrið. Hann reyndi að flýja undan því og kallaði á húsfreyjuna og bað hana um vatn.

"Já gerðu svo vel," sagði Marianna. "Er ekki sú sem þú elskar við hendina til að hjálpa þér? Þú færð þó að finna til hennar vegna!"—Hver gat séð á henni að orðin skáru brjóst henpar einsog beittur hnifur?

"Marianna," sagði sjúklingurinn að þokum. "Ég vil ekki segja sjálfan mig betri en ég er. Hef gert rangt, en ekki eins mikrið og þú heldur. Svo hefði ég aldrei getað gleymt sjálfum mér.

"Ljúgðu engu!" kallaði hún upp. "Menn beinbrjóta ekki aðra af afbryðissemi fyrir engar sakir."

Eftir nokkra þögn sagði hann með þráa: "Hver kvelst af því nema ég sjálfur? Þegar þú tekur því til svona, hverjum kemur það þá við?"

"Hverjum kemur það við, spryðu," sagði hún með hægð. "Hverjum hefurðu heitið trygð Hans? Á síðustu Pálmessu? Veiztu það? Viltu vera mér trúr, spurni ég þig. Og þú, hvað hugsar þú um mig? Maður sem brýtur drengskaparord sitt! Þú hefir sjálfur sagt að það væri eins gilt og hvert annað drengskaparord að losa unnstu sinni að vera henni trúr. Fantur sá, sem það brýtur! Og nú, eftir einar sex vikur? Eg þarf ekki að segja hvað þú ert, þú hefir sjálfur sýnt það."

Hann reisti sig á olnbogan og sagði bistur: "Getur þú borið á mig nokkurt ódæði? Hefir þú séð það?"

Nú varð hún hamslaus: "Bera á móti! Bera á móti! Þú ert mesti fantur. Vegna þess að ég hafi ekki séð það berðu á móti því. Það yrði laglegt hjónaband, þegar þú hugsar: bara ef hún ekki sér það. Hvar á trygðin að vera, fyrst eða seinast? Til hvers gifti ég mig nema til að eiga trúanmann. Ég get líka verið ógift. Hjá bróðir mínum skortir mig ekkert. Og það væri þúsund sinnum befra að vera vinnukona alla æfi en